

## L Ö G

129

29. des.

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 90 17. des. 1946, skulu gilda til ársloka 1948.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. desember 1947.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann P. Jósefsson.*

## L Ö G

130

29. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1948.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1948 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. desember 1947.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*